





Skuldbindingar og áhættur 2022 - 2026

Kynning fyrir menningar- íþróttar og tómstundaráð
22. mars 2021

Ólöf Kristín Sigurðardóttir

- Varðveisla listaverka
- Safneignin – áhrif innkaupa í nútíð og framtíð
- Friðarsúlan – viðhald tækjabúnaðar
- Alþjóðlegur myndlistarþríæringur
- Hafnarhús – hús myndlistarinnar

Listaverkageymslur - nær og fjær

Varðveislurými safnsins eru á þremur stöðum - í Hafnarhúsi, á Kjarvalsstöðum og fjargeymsla í Hafnarfirði.

- **Hafnarhús** málverkageymsla fyrir verk Errós og rými fyrir verk úr almennri safneign 135,2m²
- **Kjarvalsstaðir** málverkageymsla fyrir Kjarval, verk úr almennri safneign og minni skúlptúrar eftir Ásmund Sveinsson. Umsýsluherbergi er að nokkru leyti nýtt undir stærri málverk 130m²
- **Fjargeymsla** grófari verk, skúlptúrar og önnur stærri verk 328m²



Listaverkageymslur – staðan

- Allar geymslur eru fullar
- Gera þarf úrbætur vegna athugasemda Safnaráðs
- Listaverkageymslur fyrir tvívíð verk á Kjarvalsstöðum yfirfullar
- Mikil þrengsli í listaverkageymslum í Hafnarhúsi og fjöldi verka væntanlegur
- Fjargeymslur fyrir grófari verk og fleira yfirfullar
- Listaverk liggja undir skemmdum
- Viðbótarrými leigt af gagnavörslu í Keflavík



Listaverkageymslur – úrbætur

- Kjarvalsstaðir – endurhönnun með nýjum innréttingum sem mæta kröfum Safnaráðs 2021
- Hafnarhús – viðbótarvarðveislurými innréttað á 1. hæð (rými sem Íslensk grafík hefur haft til umráða) 2021 - 2022
- Nýtt og stærra húsnæði tekið á leigu fyrir fjargeymslur og flutt á árinu
- Sameiginlegt varðveislurými safna Reykjavíkurborgar á vel völdum stað í borgarlandinu



Heimasíða Listasafns Reykjavíkur

Upplýsingaveita og rannsóknarbrunnur

- Heimasíða Listasafns Reykjavíkur var unnin árin 2013 - 2015
- Útlit hennar var endurgert 2016
- Mikið heimsótt upplýsingaveita um viðburði, sýningar og almenna miðlun um sýningar safnsins og myndlist almennt (Rúmlega 13.400 heimsóknir á mánuði árið 2020)
- Mikilvægur heimildavefur um safnkostinn og sýningar - jafnt yfirstandandi sem liðnar
- Vettvangur þar sem bóka má þátttöku í um 150 viðburðum árlega auk heimsókna skólahópa
- Unnið að mikilvægum úrbótum til að mæta kröfum um aukið aðgengi ólíkra hópa – *Tökum höndum saman*
- Vefur alfarið á tveimur tungumálum
- Þungur í vöfum fyrir þá sem þurfa að miðla efni (Mörg kerfi í notkun sem flækja alla vinnslu)

Friðarsúla – tæknibúnaður uppfærður

Skýrsla unnin af verkfræðistofum
2018 með veikleikagreiningu,
endurbóta- og verkáætlun.

- Nauðsynlegt að endurnýja tæknibúnað innan 5 ára
- Erfitt að fá varahluti
- Búnaður óstöðugur
- Mikilvægt að hafa innlent tæknibakland
- Umgjörð þarf viðhald
- Heildarkostnaður 17 m.kr. (2018)



Listaverkakaup

Listasafn Reykjavíkur skal hafa yfir að ráða svo fullkomnu safni myndlistar sem unnt er, skrá það, varðveita og sýna. Leitast skal við að afla verka sem endurspegla sem best strauma og stefnur í íslenskri myndlist á hverjum tíma. (úr samþykktum)

- Tryggja viðhald og vöxt einnar bestu safneignar á landinu
- Stuðla að því að atvinnugreinin myndlist vaxi og dafni í Reykjavík
- Innkaupafé ársins 2021 er 16 m.kr. Uppreiknað innkaupafé ársins 2008 er 23 m.kr.
- Verð á myndlist hefur hækkað mikið frá aldamótum



Alþjóðlegur myndlistarþrífæringur

Þrífæringur – reglulegar sýningar sem endurspeglar það sem efst er á baugi hverju sinni

- Til að styrkja enn stöðu safnsins og Reykjavíkur sem skapandi vettvangs samtímamyndlistar.
- Tækifæri til að kynna íslenska samtímalist í samhengi alþjóðlegrar listar.
- Kraftmikið innlegg í menningarlíf borgarinnar.
- Mikil ónýtt tækifæri eru fólgin í alþjóðlegri markaðssetningu myndlistarviðburða í Reykjavík.
- Tækifæri til að tengja lifandi og kraftmikinn vettvang myndlistar í öflugri menningarborg við ferðaþjónustuna.
- Þrífæringurinn verði fastur liður í menningarlífi Reykjavíkur, hann fái alþjóðlega kynningu og öðlist sess sem einn af áhugaverðari listviðburðum Norður Evrópu.

Hafnarhús hús myndlistarinnar

Listasafn Reykjavíkur í Hafnarhúsi – tækifæri til sóknar og úrbóta

- Tækifæri til að gera íslenska samtímamyndlist aðgengilega t.d. með uppsetningu stærri innsetninga úr safneign.
- Rými til miðlunar – aðstaða til kennslu og móttöku skólahópa.
- Salir með meiri lofthæð auka möguleika á að sýna fjölbreyttari form samtímalistar.
- Vörulyfta og úrbætur í baklandi.
- Endurskoða nýtingu á þjónusturými fyrir gesti.
- Bæta flæði um húsið.

Ýmsar áskoranir og tækifæri

- Tekjufall
- Tækniþróun – til að sýna myndlist – til að miðla myndlist – til að gæta menningarverðmæta
- List í almenningsrými – samkeppnir

Takk fyrir

